

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 8. janúar 2021

Mál nr. S-3852/2020:

Héraðssaksóknari

(Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Jóni Rúnari Péturssyni

(Snorri Sturluson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 27. nóvember 2020, var höfðað með ákæru útgefni af héraðssaksóknara 11. júní 2020, á hendur: „Jóni Rúnari Péturssyni, kennitala [...], [...], Reykjavík, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa að kvöldi mánudagsins 16. september 2019, að [...] í Reykjavík, veist með ofbeldi að A, kennitala [...], og hent A fram af svölunum íbúðar hans á 2. hæð með þeim afleiðingum að A hlaut heilahristing, blæðingar og bólgur undir húð í andliti ásamt skurðum yfir kjálka vinstra megin, brot á tveimur stöðum í neðri kjálka, brot í kinnholu í efri kjálka, brotnar tennur og brot á mjaðmabeini.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni skaðabætur að fjárhæð 7.544.380 krónur auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 16.09.2019 til þess dags er mánuður er liðinn frá því er ákærða er kynnt bótakrafa þessi, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er gerð krafa um greiðslu þóknunar við réttargæslu að mati dómara eða

samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að teknu tilliti til virðisaukaskatts á réttargæsluþóknun.“

Þann 1. september sl. gaf lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu út aðra ákæru á hendur ákærða og var meðferð málanna sameinuð, sbr. 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði er þar ákærður „fyrir eftirtalin umferðar- og fíkniefnalagabrot, með því að hafa:

1. Mánudaginn 27. maí 2019 ekið þungu bifhjóli [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna því örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 1800 ng/ml) um Vesturhóla í Reykjavík, við Hrafnhóla, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

M: 007-2019-32761

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

2. Laugardaginn 4. apríl 2020 á bifreiðastæði við Árbæjarkirkju, Rofabæ, Reykjavík, haft í vörslum sínum 12,59 g af metamfetamíni, sem lögreglumenn fundu við öryggisleit á ákærða.

M: 007-2020-17593

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. gr. laga nr. 77/2019. Krafist er upptöku á 12,59 g af metamfetamíni, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.“

Við aðalmeðferð málsins var af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfu um sviptingu ökuréttar.

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af líkamsárás samkvæmt ákæru frá 11. júní 2020 en til vara dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa og þá einnig vegna ákæru frá 1. september 2020. Þá krefst hann þess að bótakröfu verði aðallega vísað frá dómi en til vara að hún verði stórlega lækkuð. Loks krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

I

Málsatvik, ákæra héraðssaksóknara frá 11. júní 2020

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var hún kölluð á vettvang að kvöldi mánudagsins 16. september 2019 vegna háreysti frá íbúð ákærða og var talið að þar ættu sér stað átök. Í skýrslunni kemur fram að lögregla hefði komið þangað fyrr um daginn og brotapolí þá verið hjá ákærða. Tilefni útkallsins þá var ágreiningur milli ákærða og brotapóla. Á leiðinni á vettvang var tilkynnt að kona hefði dottið niður af svölum annarrar hæðar og var þá forgangur útkallsins hækkaður. Þegar komið var á vettvang lá brotapolí í tröppum við inngang á austurhlið hússins og hljóðaði. Hún var blóðug í framan og á höndum. Ofan við tröppurnar eru svalir íbúða, m.a. íbúðar ákærða. Stór blóðpollur var á tröppunum undir svölunum. Ákærði var handtekinn á vettvangi og var hann rólegur en undir miklum áhrifum vímuefna og með áverka á andliti og höndum. Í skýrslunni er bókað að ákærði hafi sagt að hann hefði verið að verja sig þegar brotapolí ógnaði honum með hníf. Einnig kemur þar fram að mikil óreiða hafi verið í íbúð ákærða og þar mátt sjá að skápum hafði verið hent á gólfið í stofu við anddyri en þannig hefði ekki verið umhorfs þegar lögregla kom þangað fyrr um daginn.

Á vettvangi var rætt við nokkur vitni. Vitnið B kvaðst hafa heyrt læti og þá litið út um gluggann og séð karl og konu að rífast og öskra á svölum íbúðar á annarri hæð við [...]. Hún hefði séð að maðurinn henti konunni niður af svölunum. Hann hefði lagt hendur á bringu eða axlir konunnar og ýtt henni fram af svölunum og konan þá fallið niður. Maðurinn hefði síðan farið út og gengið að konunni og öskrað á hana. Vitnin C og D, sem búa í íbúð við hlið ákærða, sögðust hafa hringt í lögreglu eftir að hafa heyrt mikil læti berast frá íbúð ákærða eins og þar væru slagsmál en lætin hefðu allt í einu þagnað. Vitnið E kvaðst hafa heyrt mikil læti í ákærða og brotapóla sem hann sagði ekki vera óvanalegt. Hann hefði heyrt að lætin færðust yfir á svalirnar og heyrt í þeim við svalahandriðið og tengdi það við hljóð sem hann heyrði. Hann hefði þá farið að athuga með þau og þá heyrt í brotapóla niðri og var hún mjög kvalin. Vitnið F kvaðst hafa séð

ákærða við anddyrið og skömmu síðar séð brotaþola liggjandi blóðuga í tröppunum fyrir utan. Sagði hún ákærða hafa lamið sig en í sömu andrá kom ákærði að og sagði brotaþola hafa hoppað fram af svölunum.

Skýrsla var tekin af brotaþola viku eftir að atvik gerðust, 23. september 2019, þar sem hún var til meðferðar á [...]. Hún kvaðst hafa verið í heimsókn hjá ákærða. Þau hefðu líklega verið eitthvað að rífast en allt í einu hafi ákærði hent henni fram af svölunum. Hafnaði hún því alfarið að hafa hoppað niður og kvaðst þess viss því þá hefði hún lent betur. Þá kvaðst hún ekki muna eftir því að hafa verið með hníf eða barefli eða að ákærði hefði lokað hana úti á svölum. Sagði hún ákærða hafa tekið í sig og ýtt henni fram af. Orðaði hún það einnig svo: *...eina sem ég man er það að það er tekið svona í mig, þú veist og fúff*. Þá kvaðst hún hafa slasast alvarlega, m.a. á mjöðm og höfði.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu daginn eftir að atvik gerðust, þ.e. 17. september 2019. Sagði hann að þetta hefði verið í annað sinn sem þeim lenti saman þennan dag. Í fyrra skiptið hafi hún ógnað honum með hníf en í þetta skiptið lamið hann í höfuðið með járnstykki. Hann hefði þá orðið reiður og öskrað og hefði þá heyrst hátt í honum. Hún hefði þá hlaupið fram í stofuna. Þar var skápur eða innréttingar upp við vegginn sem hún henti niður á gólfið. Hann hefði farið inn í stofuna og þar tekið upp járníð sem hún lamdi hann með og reynt að komast yfir skápana. Hafi hann verið öskrandi allan tímann en brotaþoli var þá komin út á svalirnar. Þegar hann kom út á svalirnar lá brotaþoli niðri í tröppunum og hafði þá hoppað fram af. Hún hefði verið á svölunum þegar hann kom að svalahurðinni en þegar hann var kominn á svalirnar þá var hún farin fram af. Neitaði ákærði því alfarið að hafa hent brotaþola fram af svölunum og sagði framburð vitnis þess efnis vera rangan.

Skýrsla var tekin af ákærða á ný 25. september 2019 og sagði hann þá að hann og brotaþoli hefðu verið í ástarsambandi. Brotaþoli hefði komið til hans fyrr um daginn og ákærði þá sagt henni að hann vildi ekki lengur vera í sambandi við hana. Hefði brotaþoli ekki tekið því vel og m.a. klætt sig í föt sem ákærði átti og ætlað út í þeim og otað að honum hníf. Einnig hafi hún ætlað í burtu með tösku sem m.a. innihélt fatnað ákærða. Þau hefðu rífast út af þessu og þegar brotaþoli kom til hans aftur sama daginn hefðu þau haldið áfram að rífast um þetta. Brotaþoli hefði slegið hann í höfuðið með einhverju þungu stykki en ekki slegið fast og síðan hent skápasamstæðu í veg fyrir hann og hlaupið út á svalirnar. Þegar hann var búinn að klöngrast yfir skápana á gólfinu var hún komin fram af svölunum. Þegar hann kom að svölunum hafi brotaþoli verið komin

yfir handriðið og hangið á svölunum með annarri hendi en þegar hann kom að handriðinu þá hefði hann séð að hún lá á jörðinni tveimur hæðum neðar og hafi hann þá haldið að hún væri dáin. Neitaði ákærði því alfarið að hafa hent henni niður af svölunum og kvaðst efast um að hann gæti það og taldi hana jafnvel vera sterkari en hann. Þá sagði ákærði þau bæði hafa verið undir áhrifum umrætt sinn.

Fyrir liggur bráðabirgðavottorð G, háls-, nef- og eyrnaskurðlæknis, dagsett 17. september 2019, og vottorð sama læknis dagsett 25. september 2019. Þar segir að brotþoli hafi verið með meðvitund við komu og hafi andað ágætlega en verið með töluverð áverkamerki í andliti með blæðingum, bólgu undir húð og tveimur skurðum yfir kjálkann vinstra megin. Skurðir í andliti hefðu verið saumaðir og tekin tölvusneiðmynd sem sýndi annars vegar tilfært brot í neðri kjálka á tveimur stöðum sem augljóst var að þyrfti að gera að og hins vegar brot uppi í kinnholu við efri kjálka sem leit út fyrir að ekki þyrfti að gera að í aðgerð. Einnig sáust brot á mjaðmabeini vinstra megin sem þó virtust vera lítið tilfærð. Brotþoli var lögð inn á gjörgæslu sama dag og daginn eftir var gerð aðgerð á henni þar sem kjálkabrotið var rétt og settar títan-plötur yfir til að halda því á réttum stað. Var henni síðan haldið sofandi á barkatúbu í tvo daga vegna bjúgs í öndunarvegi. Þá segir í vottorðinu að mjaðmabrotið væri þannig að talið var að hún myndi jafna sig að fullu vegna þess en óvíst væri hverjar yrðu afleiðingar kjálkabrots. Í samantekt vottorðsins segir: *Háorkuáverki eftir fall af annarri hæð þar sem hún hefur lent á vinstri hlið með brot í mjaðmagrind og kjálka. Hún má teljast heppin að hafa sloppið við alvarlegri áverka. Langtímaáhrif, sérstaklega af kjálkabrotinu, eru óviss á þessari stundu.*

Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu tæknideildar, dagsettri 17. september 2019, fannst blóð á handriði á svölunum sem var talið gefa til kynna að átök hefðu átt sér stað áður en brotþoli féll niður. Handriðið á svölunum er tvískipt, annars vegar steinsteypt en ofan á því er handrið sem virðist samkvæmt myndum vera úr málmni að öðru leyti en því að efsti hluti þess er úr tré. Handriðið hafi reynst vera 104 cm á hæð og fallhæð frá svölunum niður á steinsteyptar tröppurnar, í neðstu tröppu, mældist 6,4 metrar. Þá segir í skýrslunni að á svölunum hafi verið mikið af rusli og brotnum innanstokksmunum sem búið var að ýta í hrúgu úti í horni. Í horninu, þar sem talið var að brotþoli hafi farið fram af handriðinu, mátti sjá útilegustól og ruslapoka á gólfinu. Fyrir framan neðstu tröppuna fyrir neðan svalirnar var blóðpollur og sjá mátti blóðslóð frá neðstu tröppunni að þeirri efstu og var talið að brotþoli hefði skriðið upp tröppurnar áður en sjúkraflutningamenn

komu á vettvang. Þá liggja fyrir ljósmyndir af vettvangi og má þar m.a. sjá blóðkám á handriði hægra megin að svölunum sé horft framan á húsið og að þær tröppur sem brotapolí féll í voru hægra megin við svalirnar.

Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi var óskað eftir frekari rannsókn tæknideildar og þess óskað að upplýst yrði um aðstæður á vettvangi, birtuskilyrði, fjarlægð og sjónarhorn vitnisins B. Þar kemur fram að rannsóknin var framkvæmd 24. september 2020, kl. 20.40. Birta reyndist þá vera nægileg til að sjá frá glugga vitnisins að svölum á íbúð ákærða. Sjónarhorn eða aðstaða var þröng en vel sást á svalirnar frá íbúð vitnisins og var vegalengd frá glugganum að svölunum 21 metri. Þar er rannsókninni lýst svo:

Farið var í íbúð vitnis á þriðju hæð að [...], íbúð [...]. Glugginn sem um ræðir er í litlu sjónvarpsherbergi og snýr í austur eins og svalirnar að [...]. Opanlegt fag á glugganum er fest með stormjárnri en opnast út að neðanverðu um ca 12 sm og mjókkar upp þar sem það lokast alveg. Breidd á þessu opnanlega fagi er 21 sm.

Sjónarhorn á svalirnar sem um ræðir er frekar þröngt þ.e. það þarf að setja höfuðið inn að opnanlega gluggafaginu og þá sést á svalirnar. Sjónsvið er þá gott og sást vel yfir svalirnar þrátt fyrir að dagsbirtu nyti ekki við. Það var komið myrkur.

Fyrir liggja einnig ljósmyndir teknar við framangreinda rannsókn. Má þar m.a. sjá útsýn á svalirnar frá glugga vitnisins.

Vitnið B gaf skýrslu hjá lögreglu við rannsókn málsins og staðfesti hún þá að hafa heyrt konu öskra „hleyptu mér inn“ og að hafa skömmu síðar séð ákærða henda eða „vippa“ brotapóla niður af svölunum.

Við rannsókn málsins voru einnig teknar skýrslur af E, D, C og F en ekki er ástæða til að rekja efni þeirra.

II

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði játar sök að öðru leyti en hvað varðar líkamsárás 16. september 2019. Lýsti ákærði því að hann og brotapolí hefðu þá verið búin að vera í ástarsambandi í tvo eða þrjá mánuði sem hann hefði viljað slíta. Brotapolí hefði verið ósátt við það. Hún hefði komið þrisvar til hans þennan dag, fyrst um tólf-, eittleytið og hefðu þau þá rifist

mikið en hann muni ekki um hvað. Bæði séu þau skapmikil og hávær og hafi þau lent í átökum. Brotapoli hefði síðan farið en komið aftur og hefðu þá tvær stúlkur verið í heimsókn hjá honum. Hún hefði verið mjög reið og þau rifist áfram og hafi brotapoli verið með hníf sem hún ógnaði annarri stúlkunni með. Brotapoli hefði síðan farið en um kvöldið komið til hans í þriðja sinn þennan dag. Þau hefðu þá haldið áfram að rífast, slegið hvort til annars og hörð átök orðið á milli þeirra. Hefðu þau brotið allt og bramlað. Sagði ákærði að það heyrðist hátt í honum þegar hann yrði reiður og hljóðbært sé í húsinu. Ákærði sagði að brotapoli væri sterk og hefði hún lamið hann fast í höfuðið með járnstykki en hann hefði þá haldið að hún væri með hníf þar sem hún hélt járnstykkinu fyrir aftan sig þannig að hann sá það ekki.

Ákærði sagði brotapolu hafa fyrr um daginn klætt sig í föt sem hann átti og viljað fara út í þeim en hann ekki leyft henni það og viljað fá fötin aftur. Hún hafi þá sagt að hún færi niður svalirnar og lamdi hann síðan í höfuðið. Við það hefði hann fengið áverka sem blæddi úr. Þá hefðu þau verið staðsett innst í íbúðinni við svefnherbergið. Síðan hefði brotapoli hlaupið inn í stofu og ýtt til hliðar hillu sem þar var þannig að úr varð hrúga af braki á gólfinu og hlaupið síðan úr augu hans. Hann var vankaður eftir höggið en áttaði sig og gekk að hrúgunni og þrílaði yfir hana en sá brotapolu ekki. Þá hefði hún verið komin út á svalirnar. Síðan þegar hann var kominn í stofuna hefði hann heyrt þetta hljóð, óhugnanlegan smell, eins og manneskja hefði fallið og lent. Hann hefði litið fram en ekki séð brotapolu og farið að svaladyrum og ekki séð hana. Hann hefði síðan séð að hún hafði fallið niður í tröppurnar og lá þar í mjög óeðlilegri stöðu og virkaði líflaus. Hann hafi þá farið niður og athugað hvort hún væri með púls en fann hann ekki og hélt þá að hún væri látin. Fór hann þá upp í íbúð aftur til að leita að síma en fann hann ekki og fór þá niður aftur. Þá var nágranni hans kominn að og var hann búinn að ná sambandi við brotapolu sem hefði ítrekað sagt að ákærði hefði lamið hana. Síðan hefði lögregla og sjúkralið komið að og hann verið handtekinn. Ákærði kvaðst ekki hafa séð brotapolu á svölunum en heyrt þetta hljóð þar sem hann var í stofunni að reisa sig við eftir að hafa þrílað yfir hrúguna. Hann hefði aldrei séð hana fara yfir handriðið. Þegar hann sá svalirnar var brotapoli ekki þar. Þegar hann heyrði hljóðið fór hann strax út á svalirnar og leit niður. Svalirnar voru fullar af drasli nema fyrir framan dyrnar. Þaðan séu í raun tvær hæðir niður þar sem útgangur er í gegnum kjallara.

Ákærði kvaðst sjálfur hafa verið undir áhrifum vímuefna þegar atvik gerðust og hafa verið í nokkra daga. Brotapoli hefði sagt honum að hún hefði tekið ecstasy áður en

hún kom. Hún var róleg í fyrstu en varð síðan æst og reið þegar hann talaði um að slíta sambandi þeirra. Þá var borinn undir ákærða sá framburður hans hjá lögreglu 17. september 2019 að hann hefði séð brotþola á svölunum en hún hafi verið búin að hoppa fram af þeim þegar hann kom inn á svalirnar. Einnig var borinn undir ákærða framburður hans í sömu skýrslu þess efnis að þegar hann kom út á svalirnar hafi hún verið komin fram yfir handriðið og farin að láta sig síga niður en svo verið búin að hoppa fram af þegar hann kom að henni. Sagði ákærði þá að hann kannist við þessa lýsingar og að hún hefði verið komin niður þegar hann kom að henni en þetta sé þokukennt hjá honum nú. Kvaðst hann líklega hafa munað þetta betur þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu. Þá var borinn undir ákærða framburður hans 25. september 2019 þar sem haft er eftir honum að þegar hann var kominn að svölunum þá hafi brotþoli verið komin yfir handriðið og hangið á annarri hendinni en þegar hann komi að brúninni hafi hún verið fallin niður. Þessu svaraði ákærði svo að hann hefði oft klifrað þarna upp og þarna sé staður þar sem hann viti að hann þurfi að teygja sig mikið til að komast upp eða niður og hálfpartinn hoppa til að komast upp í efri svalir. Viti ekki hvort hún hafi séð til hans gera þetta.

Þá var ákærða kynntur framburður vitnisins B þegar hún lýsti því að hafa séð þau bæði á svölunum að rífast og hafa séð ákærða kasta brotþola niður af svölunum. Ákærði neitaði því alfarið að hafa gert það og sagði að þetta hefði verið ómögulegt eins og staðan var á svölunum. Þar hefði verið mikið dót og varla hægt að komast út á þær. Einnig hefðu verið þar snúrur, tvær eða þrjár, frá brúninni alveg yfir svalirnar. Kvaðst hann ekki muna eftir því að þau hefðu bæði verið úti á svölunum en sagði þau hafa verið stöðugt á hreyfingu innandyra á meðan þau voru að rífast en muni ekki hvort þau fóru þá út á svalir. Kvaðst hann ekki telja að hann gæti lyft henni þetta mikið upp og sagði brotþola vera líkamlega sterka. Þá var borinn undir ákærða framburður sama vitnis þess efnis að hann hefði staðið reiður yfir brotþola eftir að hún hafði fallið til jarðar og sagði ákærði þá að hann myndi þetta ekki þannig, heldur að hann hefði athugað með púls brotþola. Sjálfsagt hafi hann enn verið í reiðiham en hann vildi aldrei gera henni mein. Þá var ákærða kynnt að vitnið hefði lýst því að hann hefði komið aftur út og öskrað á brotþola skammaryrði en farið svo inn á ný og sagði ákærði þá að það gæti verið að hann hefði verið æstur af því að hann var í áfalli. Þá var ákærða kynnt að vitnið hefði lýst því að brotþoli hefði reynt að skríða í burtu á meðan hann öskraði og sagði ákærði að brotþoli hefði þá ekki verið með meðvitund og nágranni hans verið hjá henni þegar hún vaknaði. Ákærði kvaðst ekki vita til þess að brotþoli hefði sjálf einhvern tímann klifrað niður af svölunum. Hann

kvaðst hafa misst íbúðina og hafa verið borinn út og [...]. Hann sé í neyslu og að reyna að fara í meðferð og vilji taka sig á.

Vitnið A, brotþoli, kvaðst hafa lent á mjöðminni þegar hún féll niður af svölunum og fengið opið kjálkabrot. Þá muni hún eftir að hafa talað við lögreglu á spítalanum og sagt frá því sem hún mundi þá. Í dag muni hún lítið hvað hún sagði þá og lítið eftir þessum degi þegar hún slasaðist. Hún muni að þau voru að rífast og hún fór út á svalir og hélt þar í handriðið. Haldi hún að ákærði hafi þá komið aftan að henni. Hafi hún við fallið hlotið áverka á mjöðm, andliti og tönnum, og þurft að fara í aðgerð á andliti. Hún fái enn oft höfuðverk eftir þetta og mun oftast en áður. Þá sé hún einnig með verk í mjöðm og geti takmarkað gengið. Margar tennur hennar hafi brotnað og viðgerð á þeim sé enn ekki lokið. Þá kvaðst hún hafa fengið sýkingu í kjálka í kjölfar áverkanna. Einnig hefði árásin haft miklar andlegar afleiðingar fyrir hana, m.a. hafi hún greinst með áfallastreituröskun og líði henni enn illa. Loks kvaðst vitnið aldrei hafa klifrað eða hoppað niður af svölunum.

Vitnið B kvaðst búa að [...]. Umrætt sinn hafi hún verið inni í herbergi að tala við dóttur sína í síma þegar hún heyrði rifrildi og læti sem síðan hefðu stigmagnast. Hún hefði heyrt öskur og heyrt sagt „hleyptu mér inn“. Hafi hún þá sett höfuðið út um opnanlegan glugga og séð að kona og maður voru að rífast á svölum á hæðinni fyrir neðan í blokkinni við hliðina. Síðan hafi hún séð að þau voru í átökum og að maðurinn „vipaði“ konunni fram af svölunum og hafi hún þá hringt í 112. Kvaðst hún ekki vita hvort svaladyrnar hefðu verið opnar þegar konan var að segja honum að hleypa sér inn. Vitnið sagði að glugginn sem hún leit út um væri lítill opnanlegur gluggi og hafi hún sett höfuðið út um hann til að sjá hvað væri að gerast. Þaðan hafi hún séð á þessar svalir. Kvaðst hún geta fullyrt að konan fór yfir handriðið fyrir tilverknað mannsins og hafi konan aldrei hangið á handriðinu. Þetta hefði gerst hratt, þau verið í átökum og maðurinn lyft konunni upp þannig að hún var með fæturna á ská til hliðar og spyrnti sér í áttina að vitninu með því að setja annan fótinn í handriðið þar sem það er steipt. Ákærði var þá „í henni“ einhvern veginn og ýtti henni fram af. Eins og önnur hönd væri ofarlega á líkama hennar en hin á læri fyrir neðan rass og ýtti þannig. Hún var þá búin að vera að spyrna fótunum í. Vitnið sagði engu breyta þó að henni sé kynnt að snúrur hefðu verið á svölunum. Hún hefði séð ákærða „vipaða“ brotþola fram af svölunum. Sagði vitnið að það hefði verið áfall að sjá þetta. Sagði hún ekki rétt sem bókað er í skýrslu lögreglu að hún hefði sagt að ákærði hefði ýtt brotþola. Kvaðst hún ekki vita hvort hún sá allar

svalirnar en sá þau þar sem þau voru við svaladyrnar hjá grindverkinu, fjær henni, hægra megin horft framan á húsið. Fannst henni eins og konan vildi fara inn en teldi að hún væri kannski að búa til af því að hún heyrði hana segja honum að hleypa sér inn.

Vitnið kvaðst hafa séð brotapolu á stéttinni við útidyrnar eftir að brotapolu féll til jarðar og var hún þá hljóðandi og reyndi að skríða upp tröppurnar. Nágranni hennar hefði síðan komið að brotapolu og farið svo til móts við lögreglu. Ákærði hefði verið ógnandi við brotapolu þar sem hún lá. Hann beygði sig niður að andliti hennar, og taldi vitnið að hún hafi þá verið komin til meðvitundar, og öskraði á hana. Sjálf treysti vitnið sér ekki út til að huga að brotapolu á meðan ákærði var hjá henni. Vitnið staðfesti að myndir frá tæknideild lögreglu sem teknar voru 24. september sl. væru m.a. teknar úr hennar íbúð og að þar sæist útsýni hennar og hún staðfesti að svalir þar sem svartklæddur maður sjáist séu þær svalir sem atvik gerðust. Þá var vitninu sýnd mynd af snúrum á svölunum og sagði vitnið að hún hefði ekki séð þessar snúrur en kvaðst telja að brotapolu hefði líklega verið með fæturna á milli snúra þegar hún var að spyrna sér í steinsteypa hluta handriðsins. Hún hefði þá einungis séð annan fótinn og að ákærði var þá yfir henni og þau tókust á. Þegar brotapolu fór fram af þá var eins og hún væri í bóndabeygju, eins og þegar einhverjum er kastað í sundlaug.

Vitnið E kvaðst hafa verið að nota tölvu, í herbergi við hliðina á svölum á íbúð ákærða, á sömu hæð, þegar hann heyrði rifrildi og öskur. Kvaðst hann telja að hann hafi tekið heyrnartól af eyrum sér þegar hann byrjaði að heyra hávaðann. Fyrst hefði hann heyrt læti inni í íbúðinni og þá hringt í lögreglu. Síðan hefði hann heyrt ákveðið hljóð í handriðinu á svölunum og síðan eins og líkami hefði dottið niður. Kvaðst hann hafa grunað að einhver hefði farið fram af svölunum. Hann hefði þá litið út og séð blóð á tröppunum og síðan heyrt öskur í konunni niðri í tröppunum og þá hringt aftur í lögreglu. Kvaðst hann oft hafa séð fólk klifra upp á þessar svalir og þegar handriðið er snert kemur þetta „svalahandriðshljóð“. Hann hafi heyrt hljóðið færast á augnabliki frá því að vera í íbúðinni og út á svalir og loks „handriðshljóðið“. Það hljóð var það eina sem hann heyrði úti á svölunum. Eftir að hafa verið kynntur framburður sinn við rannsókn málsins sagði vitnið rétt sem bókað var eftir honum í skýrslu hjá lögreglu að hljóðin eða öskrin hefðu haldið áfram úti á svölum og að áður hefði hann heyrt húsgögn færast eða detta í íbúð. Sagði hann minni sitt um atvik hafa verið ferskt þá enda atvik nýbúin að gerast og sé þetta því örugglega rétt en hann muni nú ekki eftir að hafa heyrt þau halda áfram að rífast úti á svölum.

Vitnið F kvaðst hafa verið á leiðinni út úr húsi og komið að brotapolu öskrandi í tröppunum. Áður hefði hann einnig heyrt öskur en ekki orðaskil. Brotapoli hafi setið blóðug í tröppunum og virst vera í áfalli og vísaði hann lögreglu á hana. Ákærði hefði síðan komið að og sagt að brotapoli væri kolrugluð og hefði stokkið ofan af svölunum. Hefði ákærði verið mjög rólegur þegar hann kom en á sokkaleistunum. Þar sem brotapoli lá sé inngangur inn í kjallara og þar fór vitnið út. Einnig sé hægt að ganga inn í húsið á fyrstu hæð og þar var ákærði að koma inn þegar vitnið fór þar fram hjá. Staðfesti vitnið að hafa rætt við lögreglu á vettvangi og síðar gefið skýrslu símleiðis. Í dag muni hann ekki eftir því að brotapoli hefði sagt að ákærði hefði lamið hana eins og hann lýsti hjá lögreglu en myndi að ákærði sagði hana hafa hoppað.

Vitnið, lögreglumaður nr. [...], kvaðst hafa farið á vettvang með forgangi eftir að upplýsingar bárust um að konu hefði líklega verið hrint ofan af svölum. Þegar þau komu að sáu þau að brotapoli lá í tröppum við húsið. Hún var með meðvitund en greinilega með verki og kveinkaði sér mjög mikið. Ákærði hefði verið á vettvangi og var hann undir áhrifum og með áverka í andliti en rólegur. Kvaðst vitnið halda að myndir hefðu verið teknar af áverkum ákærða. Þá kvaðst vitnið hafa rætt við þrjú vitni á vettvangi. Eitt þeirra, B sem býr í stigahúsinu við hliðina, var ein af þeim sem tilkynntu um atvik en hún hefði heyrt læti og séð ákærða og brotapola á svölunum og ákærða henda brotapola niður. Sagði B vitninu að hún hefði staðið við glugga og séð þetta þaðan. Kvaðst vitnið geta staðfest að hægt sé að sjá á svalirnar frá þessum glugga. Kvaðst hún halda að B hafi þá notað orðið ýtt um verknað ákærða. Einnig kvaðst vitnið hafa rætt við vitnin C og D á vettvangi.

Vitnið, lögreglumaður nr. [...], kvaðst hafa verið á vettvangi umrætt sinn en upphaflega hefði borist tilkynning um að fólk væri í átökum. Þegar þau voru á leið á vettvang bárust þeim upplýsingar um að einhver hefði dottið af svölunum. Vitnið kvaðst hafa farið beint í að aðstoða brotapola sem hefði verið mjög kvalin þar sem hún lá í tröppum við útidyr og kveinkaði sér mikið en gat ekki komið neinum orðum frá sér. Brotapoli var með meðvitund og öll út í blóði og var blóðpollur á stéttinni. Viti hún ekki til þess að brotapoli hafi eitthvað hreyft sig. Vitnið kvaðst hafa tekið niður framburð vitnis, E, sem hafði heyrt ákærða og brotapola rífast og hringt í Neyðarlínu þegar þau urðu enn háværi. Þá hefði hann einnig heyrt í grindverki eins og einhver átök væru við það. Vitnið hefði síðan farið út á svalir en þá hafði brotapoli þegar fallið til jarðar og sá hann hana liggjandi fyrir neðan svalirnar.

Vitnið, lögreglumaður nr. [...], kvaðst hafa komið á vettvang og hlúð að brotaþola þar sem hún lá í tröppunum. Kvaðst hún ekki hafa tekið eftir ummerkjum um að hún hefði fært sig. Dimmt var úti en ekki dagsljós en hún sá samt til þegar hún var að hlúa að brotaþola en myndi ekki að öðru leyti hvernig lýsing var. Brotaþoli var með meðvitund en var veinandi og blóðug og hefði blóð verið í kringum hana. Stuttu síðar kom sjúkrabifreið en vitnið hefði orðið eftir til að vernda vettvang. Þá staðfesti vitnið að hafa rætt við vitnið F á vettvangi.

Vitnið, lögreglumaður nr. [...], kvaðst hafa verið rannsóknarlögreglumaður á bakvakt og verið kallaður út og ritað skýrslu um aðkomu sína. Hann hefði komið á vettvang og var allt yfirstaðið og bæði ákærði og brotaþoli höfðu verið flutt í burtu. Hann hefði safnað saman upplýsingum, skoðað vettvang og kallað til tæknideild og farið með starfsmanni tæknideildar í gegnum íbúðina og lendingarstaðinn. Íbúðin var illa farin og erfitt var að átta sig á ummerkjum þar. Starfsmaður tæknideildar tók ljósmyndir, mældi handriðið o.fl. Einhver ummerki voru á svölum, m.a. blóðkám á svalahandriði, og blóð var í tröppunum. Vísaði vitnið hvað þetta varðar til þeirra ljósmynda sem teknar voru á vettvangi. Staðfesti vitnið að aðkoman hefði verið eins og hann lýsti í skýrslu sinni frá 19. september 2019.

Vitnið, lögreglumaður nr. [...], kvaðst hafa sinnt vettvangsrannsókn nú í september 2020 vegna beiðni um viðbótarrannsókn en einnig áður komið að rannsókn málsins. Sú rannsókn sem framkvæmd var í september sneri að útsýni vitnis. Hún var framkvæmd á svipuðum tíma árs og dags og atvik gerðust og við sambærileg birtuskilyrði. Kvaðst vitnið hafa farið í íbúð vitnisins B og að þeim glugga sem vitnið sagði að hún hefði horft út um á svalir á íbúð ákærða. Vitnið kvaðst hafa tekið myndir og mælt vegalengd við sambærileg birtuskilyrði og þegar atvik gerðust. Hefði hann bæði tekið myndir og myndskeið af sjónsviðinu. Sagði vitnið að sjónsvið vitnisins hefði verið þröngt en vel mögulegt að sjá svalirnar úr ákveðinni stöðu. Þá sjáist vel á svalirnar. Þegar rannsóknin var framkvæmd var svartklæddur maður á svölunum og sást hann mjög vel frá glugganum. Fjarlægðin frá glugganum að svölunum var um 20 metrar. Kvaðst vitnið telja að vegna birtu, sjónarhorns og fjarlægðar hefði vitnið geta séð vel á svalirnar þrátt fyrir að komið hafi verið myrkur.

Vitnið kvaðst hafa tekið skýrslu af ákærða við rannsókn málsins en ekki muna eftir því að ákærði hefði þá verið með áverka á höfði. Þá kvaðst hann vera þess fullviss að hann hefði ekki tekið myndir af áverkunum. Einnig hefði hann tekið skýrslu af

brotapola á [...] nokkrum dögum eftir að atvik gerðust. Ástæða þess að það dróst að taka skýrslu af henni var vegna ástands hennar en það var mat lækna að ekki væri hægt að taka skýrslu af henni fyrr. Skýrslutakan hefði ekki verið tekin upp í mynd og geti vitnið ekki sagt til um það í dag hvort brotapolí hafi sýnt einhverja handahreyfingu þegar hún lýsti því að ákærði hefði tekið í hana og „fúff“. Þegar skýrsla var tekin af ákærða var myndupptökubúnaður ekki virkur en fór samt fram í því herbergi þar sem búnaðurinn er. Þá sagði vitnið að það hefði verið venjubundin framkvæmd að taka skýrslur af vitnum upp í hljóðupptöku.

Vitnið, lögreglumaður nr. [...], staðfesti að hafa ritað frumskýrslu vegna málsins og efni hennar. Sagði hann atvik hafa verið honum í fersku minni þegar hann ritaði skýrsluna. Þegar þau komu á vettvang hefði brotapolí legið slösuð, blóðug og með áverka á höfði og í andliti og í slæmu ástandi. Ákærði hefði verið handtekinn og var hann undir áhrifum og væntanlega með áverka á andliti og höndum eins og rakið er í frumskýrslu en hann muni nú ekki eftir áverkunum. Hann hefði verið frekar rólegur en í hálfgerðu áfalli.

Vitnið G, háls-, nef- og eyrnaskurðlæknir, staðfesti vottorð sín, dagsett 17. og 25. september 2019. Sagði hann brotapolá hafa verið með meðvitund við komu og með töluverð áverkamerki í andliti, m.a. skurði yfir kjálka vinstra megin. Tölvusneiðmynd hafi sýnt brot á tveimur stöðum í neðri kjálka. Brotapolí gekkst undir aðgerð vegna þess en ekki hefði þurft að gera á henni aðgerð vegna brots í kinnholu og í mjaðmagrind. Hún var lögð inn á gjörgæsludeild þar sem um var að ræða háorkuáverka og gekkst undir aðgerð á kjálka daginn eftir. Í kjölfar þess var henni haldið sofandi í tvo sólarhringa vegna bjúgs í loftvegi. Hún hefði ekki verið með áverka á heila samkvæmt tölvusneiðmynd en erfitt væri að meta heilahristing nema klínískt og var það ekki hægt. Þá hefðu áverkar hennar, bæði á andliti og á mjöðm, verið vinstra megin og hún lent á þeirri hlið. Sagði vitnið að þeir áverkar sem brotapolí reyndist vera með samrýmdust auðveldlega háu falli. Áverkarnir hefðu verið alvarlegir. Þegar talað sé um háorkuáverka þá er miðað við það hve mikil orka er útsett í áverkum, t.d. úr hvaða hæð er fallið. Nákvæm skilgreining sé erfíð en þetta er huglægt mat. Fall úr svona mikilli hæð sé stórhættulegt. Loks sagði vitnið að líklegra sé að brotapolí hefði fengið áverka á fætur, t.d. ökkla, ef hún hefði hangið á handriðinu og hoppað niður eða fallið með fætur á undan. Þá hefði mátt búast við meiri áverkum á fótum en hún virðist hafa lent á vinstri hlið.

Vitnið, lögreglumaður nr. [...], kvaðst hafa gert tvær skýrslur vegna málsins, vegna vettvangsrannsóknar og ljósmynda. Allir hefðu verið farnir af vettvangi þegar hann kom. Inni í íbúð ákærða hefði verið erfitt að fóta sig fyrir drasli. Hann hefði aðallega skoðað svalirnar, mælt handrið og fallhæð frá svölum. Hann hefði séð blóð á handriði. Hann hefði mælt handriðið 104 cm en það væri að hluta steinsteypu. Fallhæðin hefði verið mæld niður í neðstu tröppu þar sem blóðpollurinn var og reyndist vera 6,4 metrar. Einnig hefði hann skoðað steinsteypu tröppurnar fyrir neðan. Blóðblettir voru upp tröppurnar og hefði hann fengið upplýsingar um að brotþoli hefði skriðið upp tröppurnar áður en sjúkraflutningamenn komu.

Vitnið H tannlæknir staðfesti að hafa gert kostnaðaráætlun vegna þeirra tannviðgerða sem brotþoli þurfti að gangast undir vegna þeirra áverka sem hún hlaut við árásina. Margar af tönnum brotþola hefðu brotnað, m.a. á jaxlasvæði og þurfti að rótfylla þær en einnig framtennur. Kvaðst hún telja þetta tengjast kjálkabroti brotþola. Búið sé að gera við eitthvað af tönnum. Þegar kjálkabrotið var gróið hafi brotþoli komið til hennar með mikið brotnar tennur sem var greinilega vegna áverka. Brotþoli hafi komið fyrst til hennar 29. október 2019 og svo þrisvar sinnum í janúar og febrúar 2020, og þá hefðu verið rótfylltir tveir jaxlar í efri góm út af broti. Eftir sé að laga töluvert meira. Enn sé mögulegt að brotþoli geti tapað tönnum vegna þessa eins og gert er ráð fyrir í áætlun. Þá væri gert ráð fyrir „innplant“ og krónum fyrir þessar tvær tennur og einnig vegna tveggja jaxla í neðri góm. Sagði vitnið að um mjög mikla tannáverka hefði verið að ræða og ástand brotþola mjög slæmt þegar hún kom til hennar. Vitnið sagði að þær tennur sem sködduðust væru tæmandi taldar í kostnaðaráætluninni. Gert sé ráð fyrir að kostnaður við krónur sé um tvær og hálf milljón. Neðar í áætluninni sé tilgreindur kostnaður ef tennurnar tapast en þá falli til töluverður kostnaður á hverja tönn. Það geti hins vegar liðið mög á þar til í ljós kemur hvort þessar tennur tapist.

III

Niðurstæða

Með ákæru héraðssaksóknara frá 11. júní 2020, er ákærði ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa að kvöldi mánudagsins 16. september 2019, að [...] í Reykjavík, veist með ofbeldi að brotþoli og hent henni fram af svölum íbúðar hans á 2. hæð með þeim afleiðingum að brotþoli hlaut heilahristing, blæðingar og bólgur undir húð í andliti ásamt skurðum yfir kjálka vinstra megin, brot á tveimur

stöðum í neðri kjálka, brot í kinnholu í efri kjálka, brotnar tennur og brot á mjaðmabeini. Í ákæru er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði neitar sök. Hann byggir sýknukröfu sína aðallega á því að ósannað sé að hann hafi framið það brot sem í ákæru greinir. Þá telur hann að rannsókn málsins hafi verið um margt áfátt og uppfylli ekki skilyrði 54. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Vísar hann m.a. til þess að á skorti að haldlögð gögn og lífsýni væru rannsökuð nánar og að ekki hefði verið haft uppi á ætluðum vitnum að samskiptum ákærða og brotþola fyrir um daginn.

Ákærði hefur í gegnum alla meðferð málsins hafnað því að hafa hent brotþola fram af svölunum. Þá hefur framburður hans verið stöðugur þess efnis að brotþoli hafi verið í heimsókn hjá honum og þau farið að rífast. Er það í samræmi við framburði vitna auk þess sem fram kemur í frumskýrslu lögreglu að upphaflega hafi henni borist tilkynning vegna hávaða frá íbúð ákærða. Bar ákærði um að brotþoli hefði barið hann í höfuðið með járnstykki áður en hún hljóp inn í stofu þar sem hún henti niður hillusamstæðu, fór út á svalir og fór af sjálfsdáðum niður af þeim. Þó bar ákærði um það fyrir dómi um að brotþoli hefði slegið hann fast högg andstætt því sem hann sagði hjá lögreglu. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að ákærði hefði verið með áverka í andliti þegar hann var handtekinn og blóð var á svalahandriði en ekkert er fram komið sem bendir til þess að brotþoli hafi verið með blæðandi sár þegar hún kom að handriðinu. Þá sýna myndir af vettvangi að hillusamstæða lá á gólfinu í samræmi við lýsingar ákærða. Framburður ákærða hjá lögreglu hefur hins vegar verið misvísandi hvað varðar það sem hann sá til brotþola þegar hann fór á eftir henni að svölunum. Annars vegar bar hann um að hafa séð hana á svölunum en þegar hann kom að þeim hefði hún verið horfin og hins vegar að þegar hann kom að svölunum hafi hún hangið þar á annarri hendi en verið farin niður áður en hann kom að handriðinu. Fyrir dómi var framburður hans á þann veg að hún hefði verið horfin þegar hann hafði náð því að þríla yfir skápana á stofugólfinu.

Er það mat dómsins að framburður ákærða sé um margt trúverðugur hvað varðar aðdraganda atvika þó að blæbrigðamunur sé að einhverju leyti á lýsingum hans. Samkvæmt því sem fram er komið í málinu telur dómurinn sannað að ákærði og brotþoli hafi rifist og átök orðið á milli þeirra. Þá verður að framburði ákærða ráðið að brotþoli hefði forðað sér frá honum eftir að hafa slegið hann með járnstykkinu og þá farið í áttina að svölunum. Loks verður af framburði vitnisins B ráðið að ákærði og brotþoli hafi bæði

verið á svölum íbúðarinnar þegar atvik gerðust og fær það stuðning í framburði vitnisins E sem kvaðst hafa heyrt í þeim þar. Um atvik þegar brotaþoli féll til jarðar hefur framburður ákærða hins vegar verið á reiki eins og að framan greinir. Þá verður lýsingum ákærða á því að brotaþoli hafi hangið á handriðinu og látið sig falla alfarið hafnað í ljósi framburðar vitnisins B í heild sinni. Er þó sérstaklega vísað til þeirrar lýsingar hennar að brotaþoli hefði verið í einhvers konar bóndabeygju þegar hún féll. Þá er hvað þetta varðar einnig vísað til framburðar vitnisins G um að líkur væru á því að brotaþoli hefði hlotið annars konar áverka hefði hún hoppað sjálf niður.

Brotaþoli slasaðist alvarlega þegar hún féll niður af svölunum og virðist muna lítið eftir atvikum. Fram kom hjá henni við aðalmeðferð málsins að hún varð fyrir miklu áfalli en minnst þess þó að hún og ákærði hefðu rifist í aðdraganda árásarinnar. Þá liggur fyrir að hún dvaldist á geðdeild eftir að meðferð hennar vegna áverkanna lauk. Hún gaf sinn fyrsta framburð þar nokkrum dögum eftir atvikinu. Var framburður hennar þá skýr á þann veg að ákærði hefði hent henni niður af svölunum í kjölfar rifrildis þeirra á milli. Fyrir dómi var augljóst að það reyndist brotaþola mjög erfitt að rifja upp atvik auk þess sem hún mundi lítið eftir þeim.

Framburður vitnisins B hefur verið stöðugur og skýr í gegnum alla meðferð málsins á þann veg að hún hafi umrætt sinn séð ákærða henda brotaþola niður af svölum íbúðar ákærða. Lýsti hún nákvæmlega þeim aðstæðum sem hún var þá í og kom fram hjá henni að til þess að sjá á svalirnar hafi hún þurft að reka höfuðið út um opnanlegan glugga. Vitnið notaði jafnhliða orðin ýta og henda í framburði sínum fyrir dómi en taldi sig ekki hafa notað orðið ýta er hún ræddi við lögreglumann á vettvangi andstætt því sem sá lögreglumaður bar um fyrir dómi. Verður þessi ónákvæmni í orðanotkun vitnisins ekki talin varpa rýrð á framburð hennar enda lýsti hún háttsemi ákærða nánar fyrir dómi og bar skýrt um að brotaþoli hefði farið yfir handriðið fyrir tilverknað ákærða og sjálf streist á móti. Rannsókn lögreglu á aðstæðum staðfesti að aðstæður vitnisins voru í samræmi við lýsingu hennar og að hún hafi úr glugganum séð yfir á svalir í íbúð ákærða.

Samkvæmt framburði vitnisins E heyrir sérstakt hljóð þegar líkami kemur við svalahandrið á svölum íbúðar ákærða og hefði hann heyrt þetta hljóð í umrætt sinn. Vitnið bar einnig, eins og að framan er rakið, um að hafa þá heyrt ákærða og brotaþola rífast á svölunum. Er það mat dómsins að framburður vitnisins sé trúverðugur og samrýmist aðstæðum. Verður af þessum framburði ráðið einhvers konar að átök hafi orðið á milli þeirra við svalahandriðið.

Ákærði byggir á því að vegna snúru á svölum ákærða hafi hann ekki getað hent brotþola niður eins og vitnið B lýsir. Samkvæmt þeim myndum sem liggja fyrir og lýsingu ofangreinds vitnis á atvikum verður ekki á það fallist að snúrnar hafi haft afgerandi áhrif á atburðarásina í andstöðu við framburð B. Er þá sérstaklega litið til þess að þessi framburður fær stuðning í öðru sem fram er komið í málinu, m.a. framburði brotþola og vitnisins E. Þá byggir ákærði á því að ósannað sé að svalir eða stofa ákærða hafi umrætt sinn verið upplýstar þannig að vitnið hefði getað sé yfir á svalirnar þrátt fyrir að myrkur væri skolið á. Fyrir liggur að atvik gerðust síðari hluta september og rannsókn lögreglu sem gerð var í september 2020 bendir til þess að upp úr kl. 20.00, á þeim árstíma, hafi verið komið myrkur og telst það vera óumdeilt. Ekkert liggur fyrir um það hvernig lýsing á svölum og tröppum fyrir neðan var þegar atvik gerðust. Af framburðum bæði vitna og ákærða verður hins vegar ráðið að vel hafi sést til á báðum þessum stöðum og er þá sérstaklega vísað til þess hversu nákvæmar lýsingar þeirra eru. Þykir því ekki óvarlegt að álykta að nægileg lýsing hafi verið umrætt sinn og að aðstæður við framangreinda rannsókn lögreglu hafi ekki verið svo frábrugðnar því þegar atvik gerðust að ekki verði á þessari rannsókn byggt. Loks fæst ekki séð að skýrslur af þeim einstaklingum sem voru á heimili ákærða fyrir um daginn hefðu orðið til þess að upplýsa nánar um atvik eða að rannsókn málsins hafi annars verið svo ábótavant að dómur verði ekki lagður á málið.

Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Framburður vitnisins B hefur verið stöðugur og trúverðugur. Fær hann ákveðinn stuðning í framburði vitnisins E sem bendir til þess að ákærði og brotþoli hefðu verið saman á svölunum á þeim tíma sem „handriðshljóðið“ heyrðist. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. sömu laga skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Ef vitni ber á annan hátt fyrir dómi en hjá lögreglu er dómara heimilt samkvæmt 1. og 2. mgr. 109. gr. laganna að taka tillit til þess sem fram kemur í lögregluskýrslu ef hann telur breyttan framburð fyrir dómi vera ótrúverðugan eða misræmi er annars þar á milli. Sakfelling verður hins vegar ekki reist á framburði við skýrslutöku hjá lögreglu einni og sér. Í ljósi þessa verður framburður brotþola hjá lögreglu lagður til grundvallar í málinu enda er hann í samræmi við framburð B og E.

Telst hann jafnframt vera trúverðugur í ljósi aðstæðna og annars sem fram er komið í málinu andstætt framburði ákærða sem dómurinn metur ótrúverðugan hvað varðar þau atvik er áttu sér stað á svölunum. Að auki verður á því byggt að það áfall sem brotaþoli varð fyrir skýri hversu lítið hún man eftir atvikum. Þá þykir nægilega sannað með framlögðum læknisvottorðum og framburði vitnanna G og H að brotaþoli hafi við fallið hlotið þá áverka sem í ákæru greinir. Að öllu þessu virtu telur dómurinn nægilega sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru frá 11. júní sl. Með vísan til þeirrar hættu sem stafaði af háttsemi ákærða í ljósi aðstæðna og afleiðinga hennar fyrir brotaþola þykir brot ákærða réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði skýlaust játað að hafa framið þau brot sem honum eru gefin að sök í ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 1. september sl. Um málavexti vísast til ákæruskjals. Er játning hans studd sakargögnum. Það eru því efni til að leggja dóm á málið hvað það sakarefni varðar samkvæmt 1. mgr. 164. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir brotin. Ákærði framdi umferðarlagabrot þau er greinir í 1. tölulið ákærunnar áður en ný umferðarlög nr. 77/2019 tóku gildi 1. janúar 2020. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal, hafi refsilöggjöf breyst frá því að verknaður var framinn og til þess er dómur gengur, dæma eftir nýrri lögunum. Í samræmi við það verður nú dæmt um þá háttsemi ákærða eftir hinum nýju umferðarlögum bæði um refsinaemi verknaðar og refsingu, að því gefnu að hin nýju ákvæði séu honum í hag eða inntak þeirra hið sama og áður gildandi refsíákvæða. Eru þessi atriði efnislega óbreytt í nýjum lögum hvað brot ákærða varðar. Með framangreindri athugasemd eru brot ákærða talin réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

IV

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 8. júní 2020, var ákærði, með dómi héraðsdóms 28. maí 2019, dæmdur í sex mánaða fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára og sviptur ökurétti í fimm ár vegna brota gegn umferðarlögum nr. 50/1987, þ. á m. fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna, sbr. 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a og akstur sviptur ökurétti, sbr. 1. mgr. 48. gr., auk brota gegn almennum hegningarlögum. Brot ákærða samkvæmt 1. tölulið ákæru frá 1. september 2020 framdi hann 27. maí 2019 eða degi áður en framangreindur dómur var kveðinn upp og telst það því vera hegningarauki, sbr. 78. gr. laga nr. 19/1940, vegna dómsins. Brot

ákærða samkvæmt 2. tölulið ákærunnar og ákæru frá 11. júní 2020 framdi hann eftir uppkvaðningu dómsins og telst hann því hafa rofið skilorð hans. Verður, með vísan til 60. gr. laga nr. 19/1940, refsing ákærða samkvæmt þeim dómi dæmd upp og refsing dæmd í einu lagi fyrir öll brotin.

Við ákvörðun refsingar ákærða er litið til 1., 3. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940 en atлага ákærða var alvarleg og brot hans beindist gegn lífi og heilsu brotþola, leiddi til alvarlegs heilsutjóns og hending réð því að ekki fór enn verr. Með hliðsjón af framangreindu og sakarefni málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 21 mánuð. Í ljósi alvarleika þess brots er greinir í ákæru frá 11. júní 2020 og sakarferils ákærða eru ekki efni til að skilorðsbinda dæmda refsingu. Til frádráttar dæmdri refsingu komi gæsluvarðhald ákærða eins og í dómsorði greinir.

Upptæk eru gerð 12,59 g af metamfetamíni.

Af hálfu brotþola er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni 7.544.380 krónur í skaðabætur og sundurliðast krafan í miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna og skaðabætur vegna tannviðgerða 2.544.380 krónur. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940 gagnvart brotþola og hefur með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Fyrirliggjandi gögn sýna að brotþoli varð fyrir miklu líkamstjóni. Þá bar hún sjálf um að atvik hefðu haft alvarlegar andlegar afleiðingar auk þess sem telja verður að brot ákærða sé til þess fallið að hafa slíkar afleiðingar. Þá staðfesti vitnið H tannlæknir þá áverka sem urðu á tönnum brotþola og lýsti framvindu viðgerða á þeim. Var þeim lið kröfunnar er varðar tannlæknakostnað ekki mótmælt sérstaklega af hálfu ákærða. Verður ákærði dæmdur til greiðslu þess kostnaðar í samræmi við kröfugerð en ekki eru forsendur til að dæma hann til greiðslu bóta vegna hugsanlegs kostnaðar leiði áverkar á tönnum til þess að þær tapist en krafa brotþola nær ekki til þess kostnaðar. Hvað varðar miskabætur þá þykir fjárhæð þeirra hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 1.200.000 króna, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði, en ákærða var birt bótakrafan við meðferð málsins fyrir dómi.

Eftir úrslitum málsins verður ákærði dæmdur til greiðslu alls málskostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Snorra Sturlusonar lögmanns, er teljast hæfilega ákveðin 1.500.000 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, 700.000 krónur. Við ákvörðun launa lögmannanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts og vinnu verjanda á rannsóknarstigi. Loks greiði

ákærði 789.389 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðum yfirlitum ákærvaldsins.

Við uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Jón Rúnar Pétursson, sæti fangelsi í 21 mánuð. Til frádráttar dæmdri refsingu komi óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 17. september 2019 til 13. október 2019, með fullri dagatölu.

Upptæk eru gerð 12,59 g af metamfetamíni.

Ákærði greiði A, kennitala [...], 3.744.380 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 16. september 2019 til 1. október 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, sem samtals eru ákveðin 1.500.000 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola A, Ómars R. Valdimarssonar lögmanns, 700.000 krónur og 789.389 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 8. janúar 2021